7573



GRUNNMYND FRÁRENNSLISLAGNA MK. 1:50

Skýringar

Myndin sýnir lagnir í grunni.
Undir öllum lögnum skal vera amk.250mm sandlag ,vel þjappað.
Yfir lagnir skal vera samsvarandi sandlag .
Allar ónefndar lagnir eru PVC.100. Lágmarkshalli á lögnum skal
vera 2.5%. (2.5 cm pr m.)
Kótar á lögnum er í rennslisbotni og eru þeir gefnir upp í metrun.
Allar málsetningar eru í mm.
Hreinsibrunnar eru PEH.600mm með rásuðum botni.
Allar ónefndar regnvatnslagnir skulu vera gataðar PVC 100
Öll vinna svo og öll niðurlögn lagnaefnis skal vera samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.
Allt lagnaefni skal vera með vottum frá Rannsóknarsfofnun byggingariðnaðarins.
Helstu tákn:
VS=Vatnssalerni
SK=Skolvaskur
HL=Handlaug
BK=Baðkar
Gn=Gólfniðurfall
N = Niðurfall
Hr=Hreinsistúrur

Neysluvatnslögn:
Neysluvatnslagnir skulu vera úr vottuði riðfríu stáli eða álpex tengdar saman með viðeigandi "fittings"
Innsteyptar neysluvatnslagnir eru rör í rör kerfi úr hitaþolnu pex með tilheyrandi tengistykkjum.
Pípurnar frá deiliskáp eru 15x2 mm komi ekki annað fram
Pípur skulu einagraðar með glerullar eða steinullareinangrun ,vafðar með plasti.
Sýnilegaar pípur skal einangra eftirfarandi:
DN 25 og minni , 20mm
DN 32 og minni, 30mm
DN 65 og stærra, 40mm

Prýstiprófun:
Áður en kerfið er full einangrað skal þrýstiprófa það í tveimur lotum mælt frá inntaksklefa eða í lægsta punkti lagnakerfis.
Þrýstingur í prófi skal vera 6 bör
Forþrýstiprófun 60 mín
Eftir að lagnir hafa verið fylltar af vatni skal auka þrýsting í 6 bör
Á næsta hálftíma skal auka þrýstinginn á 10 mín fresti í 6 bör.
Þetta skal gera í 60 mín og skal þrýstingur ekki falla meira en 0.6 bar

Aðalþrýstiprróf ca 120 mín:
Seinni prófun er gerð í framhaldi af þeirri fyrri þar sem þrýstingurinn er látinn standa í 120 mín og má þrýstingurinn ekki falla meira en 0,2 bar
Allt efni og vinna skal vera í samræmi við ÍST 67(sjá gr.5 "ýmis atriði varðandi pípulagnir")
Frágangur á götum skal uppfylla kröur frá Bunamálastofnun Rík.
Öll meðferð og uppsetning lagnaefnis skal vera samkv.leiðbeiningum framleiðanda.

Hitakerfi:
Hitakerfi er í þrýstiflokki PN10
Hitalagnir skulu álpex /riðfrítt stál .Öll tengistykki svo og allur"fittings" skal hæfa lagnaefni.
Um einangrunarþykktir gildir það sama og um neyslunatnslagnir.
Ofnakerfi skal þrýstiprófa með köldu vatni og 6 bar þrýsting ,mælt við inntakstað hitaveitu.
Þrýstingur skal standa í viðkomandi kerfi í 12 klst.
Áður en þrýstiprófun fer fram skal skola út allt lagnakerfið.
Frágangur á götum gildir sama og við neysluvatnslagnir.
Öll meðferð og uppsetning lagnaefnis skal vera samkv.leiðbeiningum framleiðenda.

Óheimilt er að nota annað lagnaefni en það sem hefur fengið vottun frá Rannsóknarstofnun Byggingariðnaðarins.

Skýringar við frárennslislagnir innanhúss
Innanhúslagnir skulu vera úr pp plastpípum frá viðurkenndum framleiðanda og samsetningar með múffum og gúmmíhringjum.
Allir stútar sem koma upp úr botnplötu skulu staðsetjast nákvæmlega skv.teikningum.
Frárennslislagnir skal einangra með 25mm steinullarmottum , vefja um þær tvöföldum sílsapappa með álhúð og líma samskeytin saman með límbandi.
Allar pípur skal festa upp með þar til gerðum upphengjum og skal fara eftir leiðbeiningum framleiðanda varðandi meðferð og uppsetningu alls lagnaefnis.
Þar sem pípur koma út úr veggjum og tæki verða tengd við skal vera ca 10mm rauf milli pípu og veggklæðningar. Í þessa rauf skal setja tróð og loka yfir með polyurethan kýtti og slétta við vegg.

Eftir að gengið hefur verið' frá stútum út úr vegg skal honum lokað með passandi plastloki eftir að sannprófað hefur verið að lagnirnar séu þéttar og hreinar.

Nokkrar skammstafanir á teikningum:

Tæki	Þvermál vatnsláss (mm):
VS=Vatnssalerni	100/100
Hl = Handlaug	32/40
Ev = Eldhúsvaskur	40/50
Sk= Skolvaskur	32/40
Sb = Steypibað	50/70
Gn= Gólfniðurfall	50/70



GRUNNMYND HITA OG NEYSLUVATNSLAGNA MK. 1:50



Þrýstiprófun álpex og pexlagna

Þrýsiprófið skal gera í tveim áföngum:

Forprófun:
Ef kostur er skal mælibúnaður vera staðsettur í lægsta stað kerfisins. Fylla skal lagnir með vatni og og passa að ekkert loft sé í kerfinu og að það sé ekki tengt veitu.Láta skal vatnið ná umhverfishita.Auka þrýsting upp í 1,5x otkunarþrýsting eða alls 15 bar A og bíða í 10 mín.Þetta er gert í þrjú skipti á 10 mín fresti. Skrá niður þrýsting ertir 30 mín B og aftur eftir 60 mín C og má þrýstifallið ekki vera meira en 0,6 bar á þeim tíma.Forprófi telst lokið ef enginn leki kemur fram og þrýstifallið er ekki meira síðustu 30 mín en 0,6 bar.

Aðalprófun:

Aðalprófum skal fara fram í framhaldi af forprófun og er tímalengd alls 2 klst.
Prófþrýstingur eftir forpróf á tímapunkti C skal skrásettur.
Aðalprófi telst lokið með fullnæjandi árangri prófunarþrýstingur fellur ekki meira en 0,2 bar D frá byrjunarþrýstingi prófsins og ef engir lekar koma fram.
Ef þrýstingur fellur meira en 0,2 bar meðan á prófi stendur verður að endurtata allt aðalprófið aftur.

Heimild: Handbók frá Rehau.

Rétt er að benda prófunarmanni á að kynna sér leiðbeiningar r er varða þrýstiprófun sem framleiðandi lagnaefnis gefur út.

MÓTTEKIÐ
03. JÚNÍ 2009

BR.

VERK Syðri-Hamrar, Ásahreppi, Rang.

Viðbygging við íbúðarhús - bílskúr
FRÁRENNSLIS OG HITALAGNIR

HANNAÐ S.Ó TEIKNAÐ S.Ó
KT. 180160-3109

KVARÐI 1:100
REYKJAVÍK 07.04.2009

BYGGINGAÞJÓNUSTA BÆNDASAMTAKA ÍSLANDS
BÆNDAHÖLLINNI, HAGATORGI, REYKJAVÍK sími: 5630300

VERK NR.	TEIKN. NR.	BR.
1004-01	B-3	-